



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykólahrepps
fimmtudaginn 25. janúar 2018, kl. 16.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson, Árný Huld Haraldsdóttir og Ólafía Sigurvinsdóttir í forföllum Ágústars Más Gröndal. Einnig sátu fundinn Valgeir Jens Guðmundsson skólastjóri, Svanborg Guðbjörnsdóttir fh. kennara Reykólahskóla, Íris Sigþórsdóttir f.h. starfsfólks leikskóladeildar og Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Vilberg bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst og var samþykkt að taka það á dagskrá undir önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 17. október 2017

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1801028 - Viðvarandi álag á leikskóladeild.

Skólastjóri lagði fram tilögu að skipulagsbreytingu í Reykólahskóla; lagt verði niður starf deildarstjóra leikskóladeildar og nýtt starf verði tekið upp, starf aðstoðarleikskólastjóra. Um skipulagsbreytingu er að ræða sem hefur ekki í för með sér fjárhagslegar breytingar.

Nefndin tekur undir tillögu skólastjóra og beinir því til sveitarstjórnar að samþykkja breytinguna. Samþykkt samhljóða.

3. 1801029 - Tölvuvæðing grunnskóladeildar

Skólastjóri lagði fram fyrirspurn um aðgerðir til að mæta þeim kröfum sem ný skólastefna í vinnslu gerir. Hvort ekki sé tímabært að huga að nettenginum innanhúss í skólanum og kaupum á tölvubúnaði fyrir nemendur. Hugmynd skólastjóra er að kaupa miðlægan netþjón fyrir skólann og síðan í framhaldinu tölvur fyrir unglingadeildina. Í fjárhagsáætlun ársins 2018 er gert ráð fyrir búnaðar kaupum sem nýtt verður í uppsetningu á netþjóni. Skólastjóri gerir ráð fyrir að kostnaður vegna verkefnisins í heild 1.6 millj., 1 milljón þyrfti að koma sem aukafjárveiting á árinu.

Nefndin tekur vel undir tillögur skólastjóra. Samþykkt samhljóða.

4. 1801030 - Sértek úrræði fyrir nemendur, námsvist utan lögheimilis.

Lögð er fram umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélag, erindi frá Árborg 23. janúar 2018. Skólastjórinn fór yfir áhyggjur sínar varðandi umsóknina, hvernig skólinn er í stakk búin að taka við

nemendum með sérþarfir, auk þess hversu lítið tillit er tekið til aðstæðna í móttökuskóla áður en ákvarðanir eru teknar um námsvist.

Nefndin tók undir áhyggjur skólastjóra og fordæmir þau vinnubrögð sem viðhöfð eru í málum sem þessum, þar sem skóla er ekki gefinn neinn kostur að undibúa komu einstaklinga með sérþarfir. Nefndin óskar eftir því að sveitarstjórn fái upplýsingar um hvort gert hafi verið fagleg úttekt af félagsmálastjóra á fósturheimili vegna vistunar umrædds einstaklings. Samþykkt samhljóða.

5. 1801031 - Skólaakstur.

Skólastjóri kom fram með þá hugmynd að unnar verði starfsreglur fyrir skólaakstur, s.s. varúðarviðmið um vind og fl.

Nefndin ræddi málefnið.

Mál til kynningar:

6. 1801032 - Skýrsla skólastjóra.

Skólastjóri fór yfir skýrslu með nefndinni.

7. 1801033 - Skýrsla tómstundafulltrúa.

Tómstundafulltrúi fór yfir helstu verkefni sem hún sinnir á ársgrundvelli. Hún fór yfir þær breytingar sem hún vill gera og mælt er til að sé gert, þ.e. að hafa tvo aðila á vakt í félagsmiðstöðinni. Hún hefur fengið fjármagn til að mæta því að einhverju leiti, en ekki að fullu, því vill hún afsala af sér verkefni fjáröflunar sem hún telur að heyri ekki undir félagsstarfið, þ.e. söfnunin er fyrir skólaferðalög, til að geta ráðið annan aðila með sér. Hún ræddi um stofnun ungmennaráðs í sveitarfélaginu og hefur verið að skoða hvernig nágrannafélögin hafa gert í þeim efnum.

Nefndin tók vel í það að fjármunum verði betur varið í að fá aukastarfsmann í félagsmiðstöðina. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að taka ákvörðun um það hvort stofna eigi ungmennaráð í sveitarfélaginu. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver):

8. Málefni félagsmiðstöðvar og líkamsræktar.

Skólastjóri kom fram með hugmynd um kaup á prestsbústaðinum fyrir félagsmiðstöð og til að nota fyrir líkamsrækt og jafnvel framhaldsskóladeild ef til hennar kemur.

Nefndin er opin fyrir hugmyndinni og vísar henni til sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin, fundi slitið 19:00
